kveik - ja kær - leiks bál - og kveð - ja harð - an dóm. Mér hleyp - ur kapp í kinn að

1. Tenor

kveð - a dýr - an óð. Að finn - a far - veg minn og fet - a rétt - a slóð. Mig

lang - ar til að finn - a frið og fær - a hann til þín. Ef lít - ið ligg - ur við, þá leit - ar þú til mín.

Samið 1960-1965
Skrifað hér í maí 2002

Þokusól

Einar Benediktsson

Örn Friðriksson

(M) Bak við þok - u - bakk - a - tjöld - in bíða' í vestr - i

p

Bak við þok-u-bakk-a-tjöld-in bíða' í vestri rökkur-kvöldin. Nú er sól og sumar-dagur,

5
rökk - ur - kvöld - in. Sort - a - ský af geis-lum rof - in bjarmi' í tún og engjar ofinn.

sól og sumar - dagur..

8
Úða - bogi dýrðar-fagur tengir saman haf og hauð-ur. Hvíld og kyrrð um all - a jörð.

f *p*

12
því líkt yndi' að hlýða' og heyr-a hreinn-a strau-ma nið við eyr - a, líta' á hvern-ig loft-sins hjörð

mf

15

læð - ist hægt um rak - an svörð, leit - ar hreiðra'um hól - a og börð.

p *f*

18

Hátt í suðri' er glam-pi rauð ur en í kring sem eld-björt gjörð. Dögg og ljós, alls lífsins auður,

21

leið-ast, brosa' um strönd og fjörð. Nú er sjál-fur dauð-inn dauð - ur. Nú er

f *p*

24 rit.

sjál-fur dauð-inn dauð - ur. _____ Marg - ir lang - ir ljós - ir dag - ar

p

Margir langir ljósir dagar líð-a fyrr en vetur kemur.

29

líð - a fyrr en vet - ur kem - ur. Blóm-ið lif - ir mér þó skem-ur.

p

Fyrr en blik-na ból og hag-ar blikn-a ból og hag - ar

32

Skyld-i ég því ei fagn-a frem-ur? Fyrir handan vetrar kvöldin sé ég glampa' á sólar - tjöldin

35

Fyrir_ handan vetrar - kvöldin sé ég glampa' á sól - ar tjöld - in.

f

38

Mikla drottn-ing láðs og lag-ar ljóss-ins móð-ir skín mér hátt, ljóss-ins móð-ir skín mér hátt.

pp *p*

rit.

A tempo

41



Kom að nýju' úr austur - átt. Unn mér! Brjótt-u rökk-ur - völd - in.

f

Þrósturinn

Thomas Hardy
(þýð: Helgi Hálfðánarson)

Örn Friðriksson

Ég hvíld-i fram á hliðs-ins grind og hél - u frost var á; af vetrar - drunga

The first system of the musical score is in 4/4 time with a key signature of two sharps (F# and C#). It consists of a vocal line and a piano accompaniment. The vocal line begins with a half note G4, followed by quarter notes A4, B4, and C#5, then a half note D5. The piano accompaniment features a steady eighth-note pattern in the right hand and a similar pattern in the left hand, with some chords.

dags-ins mynd var dap - ur - eyg og grá. Sem hrokk-na streng-i hrís-lur bar við

The second system continues the melody. The vocal line has a half note D5, followed by quarter notes E5, F#5, and G5, then a half note A5. The piano accompaniment continues with the same rhythmic pattern, providing harmonic support.

him-ins þo - ku tjöld og mann-a - ferð öll flú - in var í feg-ins - ró það

The third system shows the vocal line with a half note A5, followed by quarter notes B5, C#6, and D6, then a half note E6. The piano accompaniment maintains the consistent eighth-note accompaniment.

kvöld. Er lands-ins stjarnf - a svip ég sá mér sýnd-ist öld vor dauð og

The fourth system concludes the visible portion of the score. The vocal line starts with a half note E6, followed by quarter notes F#6, G6, and A6, then a half note B6. The piano accompaniment continues until the final measure.

21

kólgu - ský varð hvelfing há en harm-ljóð stormsins nauð. Hver æð var fryst sem

26

forð - um bar nýtt fjör um hjart-ans veg; hver and - i dáð-laús drep - inn var í

31

dróm - a líkt og ég; hver and - i dáð - laús drep - inn var í

35

dróm - a líkt og ég.

Samið mars 1957


Einsöngur

Borgin sefur (Glettur)

Álfhildur Sigurðardóttir

Örn Friðriksson

Moderato



Nú dimmir að, og borgin sefur... sætt og rótt... þá sit ég ein og horfi' um

5

gluggann minn, og stjörnurnar á festing unn - i star - a hljótt, nú

8

steypa norð - ur-ljós - in sér um him - in - inn. Og máni' í ský - ja-rof - i

11

mann - líf horf - ir á, þó flest - ir enn sof - i, fær hann

13

margt að sjá. Ég lok - a augum mínum ljúfri draumsýn í, og

16

loks svo vakna þegar dag - ur rís á ný. Nú bros - ir sól - in blíð - a á

19

berj - a - lyng í mó og haust - lit - ir prýð - a hlíð - ar

21

runna' og tó. Og áfram líð - ur dag - ur - inn við

23

yndi' og sorg, uns aft - ur beiðist nótt yfir Reykj - a - vík - ur - borg.

Tileinkað Ástu dótturdóttur okkar

Eyðibýggðin

Fridrik Dagur Arnarson

Örn Friðriksson

Ég hlýði á hi-mins vin - da, sem haf-sins bár-ur kyss - a og steita á húss-ins staf - ni, sem

5
sten-dur autt og hljótt. Lei - ki tæ - rra lind - a ég lít og spyr mig hissa hví

8
samtíð höpp-um haf - ni því hin-gað er ei sótt. því nú er allt í eyð - i og

11
en-gin, glóð í hlóð - um, en-gin, börn í ból - i, né bí-tur kind á hól - i

14
Eng - inn vit - jar veið - i þar va - xa blóm í slóð - um.

16

Allt það sem þar Guð gaf er gleymt við yst - a haf.

Apríl 2000

Söknuður

Ásrún Jónsdóttir

Örn Friðriksson

Ég man þá stund, er með þér fyrr ég und - i og munar sæl - a drau-ma ás-tin

The first system of the musical score for 'Söknuður'. It features a vocal line in treble clef and a piano accompaniment in grand staff (treble and bass clefs). The key signature has three flats (B-flat, E-flat, A-flat) and the time signature is 4/4. The lyrics are: 'Ég man þá stund, er með þér fyrr ég und - i og munar sæl - a drau-ma ás-tin'.

bjó. Nú er það lið - ið, lífs míns gle - ði hrund - i. Ég lei - ta

The second system of the musical score. It continues the vocal line and piano accompaniment. The lyrics are: 'bjó. Nú er það lið - ið, lífs míns gle - ði hrund - i. Ég lei - ta'.

sæl - u, finn þó hver-gi ró. Og hvar er ljós, er lýs-i ve-gu mín-a, og lei-ðar

The third system of the musical score. It continues the vocal line and piano accompaniment. The lyrics are: 'sæl - u, finn þó hver-gi ró. Og hvar er ljós, er lýs-i ve-gu mín-a, og lei-ðar'.

11

steinn, er sýn-i rétt-a braut?_____ Ég en-dur-kall - a ein-att sam-fylgd þín - a, sem efl-ir

This system contains measures 11 through 14. The vocal melody is in G minor (three flats) and 4/4 time. Measure 11 starts with a half note G4, followed by eighth notes A4-B4, C5-B4, and A4. Measure 12 has a half note G4 tied to the next measure, followed by eighth notes A4-B4, C5-B4, and A4. Measure 13 has a half note G4 tied to the next measure, followed by eighth notes A4-B4, C5-B4, and A4. Measure 14 has a half note G4 tied to the next measure, followed by eighth notes A4-B4, C5-B4, and A4. The piano accompaniment features a steady eighth-note bass line in the left hand and chords in the right hand.

15

mig að si-gra hver-ja þraut._____ Heyr, von-in blíð. þú vör-ður lífs-ins

This system contains measures 15 through 17. The vocal melody continues with a half note G4 tied to the next measure, followed by eighth notes A4-B4, C5-B4, and A4. Measure 16 has a half note G4 tied to the next measure, followed by eighth notes A4-B4, C5-B4, and A4. Measure 17 has a half note G4 tied to the next measure, followed by eighth notes A4-B4, C5-B4, and A4. The piano accompaniment continues with a steady eighth-note bass line and chords in the right hand.

18

gæð-a, sem vei-tir hugg - un, þe-gar gleð-in dvín._____ Ó, birs-tu nú mín sorgar-ár að

This system contains measures 18 through 21. The vocal melody starts with a half note G4 tied to the next measure, followed by eighth notes A4-B4, C5-B4, and A4. Measure 19 has a half note G4 tied to the next measure, followed by eighth notes A4-B4, C5-B4, and A4. Measure 20 has a half note G4 tied to the next measure, followed by eighth notes A4-B4, C5-B4, and A4. Measure 21 has a half note G4 tied to the next measure, followed by eighth notes A4-B4, C5-B4, and A4. The piano accompaniment continues with a steady eighth-note bass line and chords in the right hand.

22

græð-a og seg-ðu bráð - um fe-gri da-gur skín. Og hvar er ljós, er lýs-i ve-gu

26

mín-a, og leiðar-stein, er sýn-i rétt-a braut? Ég en-dur-kall - a ein-att sam-fylgd

30

þín - a, sem ef - tir mig að sigr - a hverj-a þraut. Heyr, vo - nin

33

blíð, þú vörður lífs-ins gæð-a, sem veit-ir hugg - un, þegar gleð-in dvín.—— Ó, birst-u

The musical score for measures 33-36 is written for voice and piano. The voice part is in a single staff with a treble clef and a key signature of two flats (B-flat and E-flat). The lyrics are written below the voice staff. The piano accompaniment consists of two staves, treble and bass, with a grand staff brace. The piano part features chords and moving lines in both hands.

37

nú mín sor-gar-sár að græð - a og segð-u bráð - um fe-gri da-gur skín.

The musical score for measures 37-40 continues the voice and piano parts. The voice part concludes with a final note. The piano accompaniment also concludes with a final chord. The key signature remains two flats.

Samið apríl 2000

Stúlkan mín

Ólafur Haukur Árnason

Örn Friðriksson

6

þetta' er dag-ur-inn þinn með sí-kvik-ar bár-ur og

11

sól, - - - er sum-ars-ins dýrð í glitr-and-i lauf - i fól, _____

16

— og vin-hljý-a blæ - inn ver-öld-in björt-er þín! _____ þú ert vors-ins

21

barn_____ og samt ert-u stúlk-an mín.

26

Og það sem ég unn - i, allt er það kom-ið frá þér._____ þú

31

ert eins og fag - urt lag_ í brjóst-i-nu á mér það er eitt-hvað þar,_____ sem

36

ilm-ar og syng-ur og skín. þetta' er ynd-is-leg ver - öld og svo - og

41

svo ert-u stúlk - an mín.

This system contains measures 41 through 45. The vocal line (treble clef) begins with a half note G4, followed by a quarter note F#4, and then rests for the remainder of the system. The piano accompaniment (grand staff) features a rhythmic pattern of eighth notes in the right hand and chords in the left hand, with some melodic movement in the right hand in measures 42-45.

46

This system contains measures 46 through 49. The vocal line remains silent, indicated by whole rests. The piano accompaniment continues with a similar rhythmic pattern, featuring chords and some melodic lines in both hands.

50

This system contains measures 50 through 53. The vocal line remains silent with whole rests. The piano accompaniment concludes the piece with a final chord in the right hand and a sustained bass note in the left hand.

Júlí 2000

Ólafur Haukur samdi þetta ljóð til konu sinnar, Lólóar, í júní 1993

Tíleinkað Þórdísi, dóttur minni

Sveitin mín

105

Friðrik Dagur Arnarson

Örn Friðriksson

Hvað fest-ir bæ - ði fót og hönd við fóst-ur - jar-ðar skaut. Sem held-ur y - fir höf og lönd í
Hvað er það sem svo yl-jar mér, ef um þig hugs-a fer. Hvað er það meira'en aug-að sér en

4
ham sem fór á braut. Og hvað er þett-a bjart - a band er bind-ur sál við reit, sem
eyj - ar, fló - a, ver, sem vek-ur svo-na vold-ugt þrá og veit - ir þreyt-tum fró. Svo

7
teng - ir sam - an trú og land og taug hjá manni' og sveit.
un - i ég þér einn - i hjá í ást - ar friði' og ró.

Tileinkað Friðrik Degi

Vor í Meinersen

Álfhildur Sigurðaróttir

Örn Friðriksson

First system of musical notation. Treble and bass staves in 6/8 time, key of B-flat major. The melody is in the treble staff, and the accompaniment is in the bass staff. The lyrics are: Í skóginum gott er að ganga þá glampandi kvöldsólin.

Second system of musical notation. Treble and bass staves in 6/8 time, key of B-flat major. The melody continues in the treble staff, and the accompaniment is in the bass staff. The lyrics are: skín, og blær strýkur blíðlega um vanga en.

Third system of musical notation. Treble and bass staves in 6/8 time, key of B-flat major. The melody continues in the treble staff, and the accompaniment is in the bass staff. The lyrics are: birta á himninum dvín. Hérar og íkorn - ar.

Fourth system of musical notation. Treble and bass staves in 6/8 time, key of B-flat major. The melody continues in the treble staff, and the accompaniment is in the bass staff. The lyrics are: hoppa og hendast um skógar - ins rein.

Fifth system of musical notation. Treble and bass staves in 6/8 time, key of B-flat major. The melody continues in the treble staff, and the accompaniment is in the bass staff. The lyrics are: Kanínur laufblöðin kroppa, hér kúr - a tvær dúfur á.

17

grein.____ Ég hljóður og hugsandi____ stari____ og hóm - ið umlyk - ur

21

trén.____ Hér grær allt sem vel er í var - i. Nú

24

vorar____ í Mein - er - sen.____ Hér grær allt sem vel er í

27

var - i, nú vor - ar í Meiner - sen.

Samið í Meinersen í maí 2003

Textar

Að kvöldi

Textahöfundur: Ólafur Haukur Árnason

Andvari blítt bærir nú lauf
og bráðum er lokið daglangri för.
Þungt er um gang þeim er fyrr hljóp,
þreyta í augum, hél á vör.
Haustrauður skógurinn hvílist í ró;
horfinn er söngfugl úr brekku og mó.
Kvatt hefur sól, enn sindra þó tjarnirnar suðrinu í
og hægur andar blær.
Um brár þínar fer hin bláa nótt hlý.
Haustskógar loga, hafaldan þegir
vordagar lífsins þíns vitja á ný.

Að liðnum degi

Textahöfundur: Árelíus Níelsson

Dagur er liðinn, ljóma daggartár.
Ljóð syngur fugl með þýðum tregarómi.
Allt er svo hljótt, og yfir hverju blómi
andar Guðs himinn djúpur heiður blár.

Húsið þitt bíður. Hljóðnar fótatak.
Hlusta nú tré í anganríkum garði.
Kvöldið er dimmt og komið fyrr en varði.
Deyr út í fjarska fjarlægt lóukvak.

og vætir kossi hjarn í fjallasal.
Er heimur laus við sefa og sorfir,
þú sérð og finnur aftur vor í dal.

Aftur vor

Textahöfundur: Friðrik Dagur Arnarson

Er sólin heim til baka úr suðri gengur,
og signir hlýjum geislum jörð.
Þá finn ég vetur varir ekki lengur,
en vorið kyssir mel og börð.
Ísinn fer, er vök um vatnið þýtur,
frá veggnum skríður snjórinn ofurhljótt.
Þá sóley gulu auga gýtur,
á gullið ský um bjarta vordagsnótt.

Það er svo gott er vaknar veröld fríða,
af vetrarsvefni er hlýna fer,
Þá vorsins fuglar kátt um loftið líða,
og láta taka eftir sér.
En lækur fer við heim og hjala,
og hendist út um grundir til og frá.
Hver græðinál á gulu bala,
er gleði sönn og vekur nýja þrá.

Ég heimti á ný þann kraft er kæfði vetur,
mín kætist sál og glaðnar lund.
Ég veit nú gengur baslið miklu betur,
mín bíða höpp og opin sund.
Er vorsól vermir sveit og borgir,
og vætir kossi hjarn í fjallasal.
Er heimur laus við sefa og sorfir,
þú sérð og finnur aftur vor í dal.

Á þínum vörum eru töfrar

Textahöfundur: Kristján Jónsson

Á þínum vörum eru töfrar,
í augum þínum grunnlaust djúp;
sem engilljóð í eyrum lætur
þín ástar röddin munar gljúp;
sem engilljóð í eyrum lætur
þín ástarröddin munargljúp.

Blessuð sólin elskar allt

Textahöfundur: Hannes Hafstein

Blessuð sólin elskar allt,
allt með kossi vekur.
Haginn grænn og hjarnið kalt,
hennar ástum tekur.

Geislar hennar út um allt,
eitt og sama skrifa.
Á hagann græna og hjarnið kalt,
Himneskt er að lifa

Ég á mér draum

Textahöfundur: Guðmundur Ingi Kristjánsson

Ég á mér draum um garð sem grær,
það gildir einu hvar hann er,
en hann er mínu hjarta nær
en hæðin sem á milli ber.

Ég á mér draum um lítið ljóð,
sem lýsir því sem fegurst er.
Og þótt ég geti ei ort þann óð,
þá er hann til í brjosti mér.

Ég á mér draum um unga menn,
sem enginn blettur fellur á.
Og þótt ég hafi ei hitt þá enn,
ég hlakka til að finna þá.

Ég heilsa þér sumar

Textahöfundur: Friðrik A. Friðriksson

Þú komst hingað, sólborna sumar, í dag,
og söngst yfir dalinn þitt glaðasta lag.
Nú skruðbýr sig jörðin og senn kyrrist sær.
En svo er það fleira, sem yndis mér ljær.
Ó, sumar, þér fyrir því sæll vil ég trúa
að senn rætast vonir: Nú fer ég að búa!
Og sjá þú hve auðunnar sól á mig skín.
Því Svandís í Hlíð, hún er unnustan mín!

Borgin sefur

Textahöfundur: Álfhildur Sigurðardóttir

Nú dimmir að, og borgin sefur sætt og rótt.
Þá sit ég ein og horfi' um gluggann minn,
og stjörnurnar á festingunni stara hljótt,
nú steypa norðurljósinn sér um himininn.
Og máni' í skýjarofi mannlíf horfir á,
þó flestir enn sofi, fær hann margt að sjá.
Ég loka augum mínum ljúfri draumsýn í,
og loks svo vakna þegar dagur rís á ný.
Nú brosir sólin blíða á berjalyng í mó
og haustlitir prýða hlíðar runna' og tó.
Og áfram líður dagurinn við yndi' og sorg,
uns aftur beiðist nótt yfir Reykjavíkurborg.

Draumur

Textahöfundur: Friðrik Dagur Arnarson

1. Kór

Veistu það í nótt sem leið mig dreymdi lítinn draum,
- að dalurinn var orðinn grænn og fagur.
Silungarnir léku sér í silfurtærum straum
sólin brosti og það var alltaf dagur.

2. Kór

Og það var hús á bakkanum, sem horfði móti sól,
í hallanum, sem var þar upp frá ánni.
Það var sjálfur ég sem mér þar búið hafði ból,
ég byggði það úr voninni og þránni.

3. Sóló

Ég gekk nú burt frá ánni, þar sem öndin synti hljóð
og opnaði litlar dyr að kofa mínum,
en áður en mig varði mér var í fangi fljóð,
það fljóð sem karlar þrá i draumum sínum.

4. Kór

Ég elskaði glaður stúlkuna og stúlkan elskaði mig.
er strengur hamingjunnar fór að rakna.
Við hversdagslegan veruleik mig svefninn leiddi á svig
þá sýndist öðrum mál eg færi að vakna.

5. Sóló

Ég hef síðan vonað að vakan hverfi burt,
að veröld muni að lokum fara að skána.
Þá ætla ég að þjóta til þín er varst um kjurrt
í þekku litlu húsi á hól við ána.

Eyðibygðin

Textahöfundur: Friðrik Dagur Arnarson

Ég hlýði á himins vinda,
sem hafsins báru kyssa
og steita á hússins stafni,
sem stendur autt og hljótt.
Leiki tærra linda
ég lít og spyr mig hissa
hví samtíð höppum hafni
því hingað er ei sótt.
því nú er allt í eyði
og engin, glóð í hlóðum,
engin, börn í bóli,
né bitur kind á hólí
Enginn vitjar veiði
þar vaxa blóm í slóðum.
Allt það sem þar Guð gaf
er gleymt við ysta haf.

Ég lít um vog og víkur,
sem voru byggðar forðum,
hér segir fátt af flestu,
sem festi hérna bú.
Þó sýnist ranninn ríkur
með rausnarkrás á borðum
skiptir mann ei mestu
að metta bónda og hjú.
Samt reynist bágt að búa,
við brim á ystu ströndum.
Eyða í einsemd langri
ævigöngu strangri.
Engir aftur snúa
sem öðrum kynnst löndum
með minna strit sem Guð gaf
en gefst við ysta haf.

Í friði og fuglakovaki
má fornar slóðir líta,
sem gráta gamla daga
og egenginn sérhvern mann.
Ég hverf á braut, að baki
er ból sem engir nýta
Hér er allt orðið saga
sem ekki nokkur kann.
Um haf og strönd og hlíðar
mun hugur tíðum reika
þá hlekkja sál og hjarta
við heimskautsnóttu bjarta.
Við sjáumst kannski síðar
og saman munum leika
í sólskini sem guð gaf
af gnægð við ysta haf.

Gleym Mér Ei

Textahöfundur: Steingrímur Thorsteinsson

Þú litli fugl á laufgri grein,
hvað rjóðar þú svo sætt?
Í þínum klið býr ástin ein
sem ei af hryggð var grætt.
Þú yngissveinn ég sveif af strönd,
þar sat þín elskuð mey
með heiðblátt smáblóm sér í hönd
og sagði gleym mér ei!

Ó, hjartans vinur vissir þú,
hvað vel ég man til þín!
Ég lít á blóm og lifi í trú
að líkt þú saknir mín.
Svo ber ég þig á brjósti leynt,
þar byrgir ástin sig.
Og sem mitt blóm er himinhreint,
eins hreint ég elska þig.

Góða Nótt

Textahöfundur: Friðrik Steingrímsson

Kvöldsól kynja myndum
kastar brátt á himna tjald,
speglar sig í lygnum lindum
ljær þeim skuggans töfravalð,
ljær þeim skuggans töfravalð.

Kyrrist fuglakvakið
kemur rökkrið hægt og hljótt
allt er hjúpi þagnar þakið,
þreyttum boðið góða nótt,
þreyttum boðið góða nótt

Haust

Textahöfundur: Ólafur Haukur Árnason

Hljóðlega ekur vagn um víða skóga,
visnandi laufið þekur raka jörð,
haustmyrkur fellur yfir mörk og móa,
máninn við tinda fjallsins heldur vörð.
Hljóðlega ekur þú og enginn getur
angur þitt sefað harmana bætt.
Dvínar í fjalli kulda að sálu setur,
sumar að baki, nálgast langur vetur.

Haust

Textahöfundur: Álfhildur Sigurðardóttir

Haustsins fegurð hugann kætir.
Horfið sumar er á braut.
Dalalæða landið vætir,
líður yfir jarðarskaut.
Er sem jörðin andi friði.
Áin niðar hægt og rótt.
Senn er hnígin sól að viði.
Siglt er heim af fiskimiði.
Djúp er ró frá dagsins kliði.
Dimmt er allt og hljótt.
Stjarna björt frá himins hliði
horfir yfir landsins drótt.

Haustvísur

Textahöfundur: Álfhildur Sigurðardóttir

Sumarið á enda er,
að fer haust og vetur.
Himinn stjörnur bjartar ber.
Birtu á jörðu setur.
Úti kulnar, sígur sól.
Sveipar þokan tinda.
Þjóta élin, þrýtur skjól.
Þagnar niður linda.
Húmið leggst um hólma' og sund.
Hljóðnar fuglakliður.
Blöðum loka blóm á grund,
beygja höfuð niður.

Húsavík við Skjálfanda

Textahöfundur: Örn Friðriksson

Opið haf og heiðkvöld skær þér himinn gaf.
Glóir vafinn Garðars bær í geisla traf'.
Glóir vafinn Garðars bær í geisla traf'.

Í birtu bernskuslóða

Textahöfundur: Ólafur Haukur Árnason

Í birtu bernskuslóða
þig ber á vængjum ljóða,
og ferð í fjörðinn góða
er fagurdreymi lík.
Í logni sefur særinn,
í svefni hvílir blærinn,
við fjöllin blundar blærinn,
og bliku á sléttri vík.

þó hverfi sólin sýnum
og syrti í huga þínum,
mun gleðiglampi skína um
öll gömlu árin þín
um bernsku daga bjarta,
sem búa í þínu hjarta
og sigrá myrkrið svarta
uns sól að nýju skín.

Í gróðurvinjum grænum

Textahöfundur: Friðrik A. Friðriksson

Í gróðurvinjum grænum
hjá gamla heiðarbænum
ég lítinn svein og svanna
á sólskinsdegi leit.
Þau áttu allan daginn
og unga heita blæinn,
og svanavatn, er vorið hló
um víða sveit.
Þar brosa blóm í lundum,
og báru vaka' á sundum
og þúsund litum loga
í leik við blæ og sól.
Af nýju yndi alltaf rík
er útþráin um nes og vík,
og litlir fætur flýta sér
um fjöru' og hól.

Að lokum líður dagur,
þótt ljúfur sé og fagur.
Það kyrrir blæ og báru,
og börnin verða hljóð.
Og best er heim að halda,
svo hratt sem fætur valda,
er langt í vestri sígur sól
við svellin rjóð.
Hve gott er heima' að háttu
í hljóði bjartra náttu.
Og mamma segir sögu
og syngur kannski lag.
Og brátt þeim sígur svefn á brá,
þau sofa vært og eignast þá
nýtt svanavatn og sæluheim
og sólskinsdag.

Í Slútnesi

Textahöfundur: Einar Benediktsson

Hljóðnar í runnum.
Hljóðnar í runnum og reykir dvína.
Rjóður og heiður en svipur dags
á síðustu eykt til sólarlags
Suðrænan andar um Mývatns strandir.
Nú hvílir svo vær þessi væna byggð
um vatnamiðin sín faguð og skyggð.
Skútabrúnirnar hýrna og hlýna
Við himinsins bros, sem fer að dvína.
Slútnes það ljómar sem ljós yfir sveit
öll landsins blóm, sem fegurst ég veit
um þennan lága laufgróna reit
sem lifandi gimsteinar skína.
Öll landsins blóm sem fegurst ég veit
sem lifandi gimsteinar skína.
Hljóðnar í runnum og reykir dvína.
Rjóður og heiður er svipur dags
á síðustu eykt til sólarlags.
Suðrænan andar um Mývatnsstrandir.
Nú hvílir svo vær.
Nú hvílir svo vær þessi væna byggð.
Hljóðnar í runnum.

Kallið er komið

Textahöfundur: Valdimar Briem

Kallið er komið,
komin er nú stundin,
vina skilnaður,
viðkvæm stund.
Vinirnir kveðja
vininn sinn látinn,
er sefur hér hinn síðsta blund.

Í þúsund ár

Textahöfundur: Ljóð: Ásgeir J. Jóhannsson

Boðskap Drottins víst sér völdu,
virtu í öllu þjóðar hag.
Vopnin bitur fljótt þeir földu,
friðinn héldu þennan dag.
Þorgeir goði kaus þar krossinn,
kynnti lögin snjöllum róm.
Sínum goðum fleygði í fossinn
fól í elfu heiðindóm.

Kirkja Drottins, þú sem þreyttir
þúsund ára gönguleið.
Andans þrek og orku veittir
Íslands þjóð í hverri neyð.
Löngum þó að mistök manna marki
spor á hreinan skjöld,
blessun færði sífellt sanna,
sárin grædd á hverri öld.

Kirkja Drottins, ár og aldir
örugg reis sem bjarg á jörð.
Orðið heilagt ótrauð valdir
alltaf þinni breisku hjörð.
Friðarboðskap Krists þú kenndir,
kveiktir trú í hjarta manns.
Ávallt fyrr og enn þú bendir
öllum leið til frelsarans.

Kirkja Drottins, hrelldum, hrjáðum,
huggun ert í hverri raun.
Og af kærleik öllum smáðum
ávallt boðar sigurlaun.
Vertu stöðugt ár og aldir
athvarf þess sem veikur fer,
svo þú sterk og staðföst haldir
stöðu Guðs á jörðu hér.

Kom blessuð, ljóssins hátíð

Textahöfundur: Guðmundur Guðm.

Kom blessuð ljóssins hátíð,
helgi þín minn hug og vilja göfgi vermi fylli,
svo máttug verði og heilög hugsun mín
og hörpu mína Drottins andi stilli.

Kristur mér Auk þú enn elsku

Textahöfundur: Örn Friðriksson

Kristur, mér auk þú enn
elsku til þín.
Sú er í lotning ljúf
löngunin mín.
Heyr þetta hjartans mál:
Heit verði í minni sál
elskan til þín,
elskan til þín.

Heimsgæðin fánýt fyrr
freistuðu mín.
Beinist nú bæn og þrá,
bróðir, til þín.
Óskin mín eina er sú:
Eflist í von og trú
elskan til þín,
elskan til þín.

Það sé mín hinst í heim
hugbót og þrá,
launarinn ljúfi,
þér lofgjörð að tjá.
Aukist, er ævin þver,
enn meir í hjarta mér
elskan til þín,
elskan til þín.

Kvöld

Textahöfundur: Ólafur Haukur Árnason

Kyrrist aldinn kvikandi meiður,
kveður nú dagurinn bjartur, heiður.
Berst að eyrum mér eldgamall seiður,
ómfagurt titrandi sólarlag.
En þögul mun og draumskyggn hin dimmbláa ótta,
dagurinn lagður á flóttu.
Svo bíður vor þolinmóð nótt allra nóttu,
og niðdimma eilífrar þagnar.

Ljóð um þig

Textahöfundur: Friðrik A. Friðriksson

Sér vaggar aldan vært við hleim
í vorblíðum andanþey.
Og sólstafir glaðir sindra vítt
um sund og fagurey.
Við foldar ylríkt, örlátt brjóst
er allt að hjúfra sig.
Þá verður allt mitt yndi og mál,
ástin mín, ljóð um þig.

Kemur sunnan heiðarnar svífandi, hjalandi,
sólvakinn blær.
Og sér leikur, fagnandi ljósi og yl,
allt sem lifir og grær.
Heyr vatnanið, heyr kvak og klið,
sjá landsins brúðarlín.
Hve allt er frítt og frjálst og sælt,
er sólin skín!

Mér verður allt að yndi

Textahöfundur: Friðrik A. Friðriksson

Mér verður allt að yndi,
að óði og söng hvert spor.
Komin ert þú mín kæra,
ó, komin með sól og vor.
Því mér bjós org í sinni
ég sá ekki veg né ráð.
Brosir nú leið mín glöð og greið,
gullnum blómum stráð.

Þó sólin á sundin skíni
og signi það allt, er grær,
býr undarleg auðn í hjarta,
sé ástin þín hvergi nær hvergi nær.
Ég hafði lengi leitað,
og loksins fann ég þig.
Fann ég þá fold og himin,
og fann ég þá sjálfan mig.
Úr sinni sorg er horfin,
ég sé bæði veg og ráð.
Með þér er leið mín glöð og greið,
gullnum blómum stráð.

Mín Ættarjörð Mitt Æskuland

Textahöfundur: Einar Benediktsson

Mín ættarjörð, mitt æskuland
á órafjöll og víðan sand.
En sólin græðir teig og tún,
sem tengja byggð við byggð.
Þar hlúð er bæ við heiðar barm,
þar hvíld er gnoð við fjarðar arm,
þar undir jökulbjartri brún
er brjóst er brjóst með þrek og tryggð,
þar undir jökulbjartri brún,
er brjóst með þrekt og tryggð.

Minning Kær

Textahöfundur: Friðrik A. Friðriksson

Er sól í litaljóma að hafi hnígur rótt,
öll hamraströndin gullrauðu faldar.
Um stund á syðstu heiðum 'in
hljóða sumar nótt í heiðríkjumar ljósbláma
tjaldar.
Ég heyri lind, er silfurstrengurinn glaðan slær.
Og samt er ég svo einn og fár og angur-vær.
Ó ljúfa sára minning, þú líður hjarta nær,
er allt í fegurð signir sólin og sólin hnígur.
Ó, minning kær líður hryggju hjarta nær.

Ó, faðir

Textahöfundur: Matthías Jochumsson

Ó, faðir! gjör mig lítið ljós
um lífs míns stutta skeið,
til hjálpar hverjum hal og drós,
sem hefur villst af leið.

Ó, faðir, gjör mig blómstur blítt,
sem brosir öllum mót
og kvíðalaust við kalt og hlýtt
er kyrrt á sinni rót.

Ó, faðir, gjör mig ljúflingslag,
sem lífgar hug og sál
og vekur sól og sumardag,
en svæfir storm og bál.

Ó, faðir, gjör mig styrkan staf
að styðja hvern sem þarf,
uns allt það pund, sem Guð mér gaf,
ég gef sem bróðurarf.

Ó, faðir, gjör mig sigursálm,
eitt signað trúarlag,
sem afli blæs í brotinn hálm
og breytir nótt í dag.

Ó sólskin, glaða sólskin

Textahöfundur: Guðmundur Ingi Kristjánsson

Ó sólskin, glaða sólskin! þú vekur von og kæti
og vanga mína kyssir með indæl fyrirheit.
Nú strjúka hlýir vindar um vegg og þak og stræti,
og vorið er að koma. - Mig langar upp í sveit.

Þar breiðast tún og engjar með velli græna og víða,
sem verða stórir heimar og ríkir fyrir börn.
Og þúsund falleg blóm eru þar sem töfra og prýða,
og þar má hlaupa um grasið og busla í smárri tjörn.

Og þangað hópast lóur er þiðna fer og hlána,
og þrestir fljúga í garðinn með söng og fjaðrablik.
Í mýri vaggar stökkönd, en straumönd fer um ána
og stingur sér í hylinn, svo þrúð og fagurkvik.

Er hugsá ég um lömbin svo létt og kvik á fæti
mig langar til að smala og vera nálægt þeim.
- Og seinna kemur heyið í flekk og föng og sæti.
Ég fæ að breiða og rifja og aka kerru heim.

Á berjamó að fara um bjarta sumardaga
er betra en nokkuð annað, sem þekki ég og veit.
Að fá að sækja hrossin og flytja þau í haga
er fjarskalega gaman. - Mig langar upp í sveit.

Já, þar er margt sem gaman og gagnlegt er að skoða
er gular krónur opnast og fugl í hreiðri býr.
Og það er eins og landið sé lögmál sitt að boða,
og lífið getur kennt þér að elska blóm og dýr.

Og margt þar að gera og margt sem fyrir kemur
á meðan heyið þornar og sól á túnið skín.
En þó er yndislegast og farsælt öðru fremur
að finna gleði starfsins við útiverkin sín.

Og farinn upp í sveitir ég vildi gjarnan vera,
því vorið er nú komið og golan blíð og heit.
Nú er að leysa í dalnum, og ærnar fara að bera.
- Ég ætla að biðja mömmu að lofa mér í sveit.

Sólkveðja

Textahöfundur: Steingr. Thorsteinsson

Dagur er liðinn
dögg skín á völinn
dottar nú þröstur
á laufgrænum kvist.
Sefur hver vindblær,
sól Guðs við fjöllin
senn hefur allt að
skilnaði kysst.
Dvel hjá oss Guðs sól
hverf ei með hraða
himneskt er kvöld
í þinni dýrð.
Ljósgeislum tendrast
lífsvonin glaða
lýs vorri sál er
burt þú flýrð.

Sumarblóm í haga

Textahöfundur: Friðrik Steingrímsson

Brosir jörðin öll og blessuð sólin skín,
og blærinn kveður fögru ástarljóðin sín.
Ég teiga landsins fegurð eins og eðalvín.
Ó undirfagra sumarblóm í haga.

Sveitin mín

Textahöfundur: Friðrik Dagur Arnarson

Hvað festir bæði fót og hönd við fósturjarðar skaut.
Sem heldur yfir höf og lönd í ham sem fór á braut.
Og hvað er þetta bjarta band er bindur sál við reit,
sem tengir saman trú og land og taug hjá manni' og sveit.

Hvað er það sem svo yljár mér, ef um þig hugsa fer.
Hvað er það meira en augað sér en eyjar, flóa, ver,
sem vekur svona völdugt þrá og veitir þreyttum fró.
Svo uni ég þér einni hjá í ástar friði og ró.

Stúlkan mín

Textahöfundur: Ólafur Haukur Árnason

Þetta er dagurinn þinn með síkvikar báru og sól,
er sumarsins dýrð í glitrandi laufi fól,
og vinhlýja blæinn veröldin björt er þín!
þú ert vorsins barn og samt ertu stúlkan mín.

Og það sem ég unni, allt er það komið frá þér.
þú ert eins og fagurt lag í brjóstinu á mér
það er eitthvað þar, sem ilmar og syngur og skín.
þetta er yndisleg veröld og svo ertu stúlkan mín.

Syngdu mér

Textahöfundur: Sigfrid Siwertz (þýð: Magnús Ásgeirsson)

Syngdu mér söngva frá viðkvæmum verum
um vindanna klökkva og regnsins tár.
Syng mér lyng og tún með tveggja sporum
í tindrandi dögg um morgun sár.
Syng mér í rökkrinu aftur þær ungu
undraljúfu sorgir er hjartað bar.
Syng mér allra hjartna hinna þreyttu og þungu
þrá til þess ljóss er áður var.

Söknuður

Textahöfundur: Ásrún Jónsdóttir

Ég man þá stund, er með þér fyrr ég undi
og munarsæla drauma ástin bjó.
Nú er það liðið, lífs míns gleði hrundi.
Ég leita sælu, finn þó hvergi ró.

Og hvar er ljós, er lýsi vegu mína,
og leiðarsteinn, er sýni rétta braut?
Ég endurkalla einatt samfylgd þína,
sem eflir mig að sigra hverja þraut.

Heyr, vonin blíð, þú vörður lífsins gæða,
sem veitir huggun, þegar gleðin dvín.
Ó, birstu nú mín sorgarár að græða
og segðu bráðum fegri dagur skín.

Og hvar er ljós, er lýsi vegu mína,
og leiðarsteinn, er sýni rétta braut?
Ég endurkalla einatt samfylgd þína,
sem eftir mig að sigra hverja þraut.

Heyr, vonin blíð, þú vörður lífsins gæða,
sem veitir huggun, þegar gleðin dvín.
Ó, birstu nú mín sorgarsár að græða
og segðu bráðum fegri dagur skín.

Sumarnótt á Fróni

Textahöfundur: Þorgrímur Starri

Af sól á sumardegi þá sindrar sveitin öll,
er fuglar leika í lofti og ljóma slær á fjöll,
ég fagna góðum gesti og gleðst við komu hans,
svo spyr ég fréttu af langri leið hins lúna ferðamanns.

Mig ungan útþrá seiddi hinn aldni vinur kvað,
að eignast ævintýri, en aldrei fann ég það,
þó hafi ég afl og auðinn um óravegu sótt.
En heima á Fróni broshýr beið hin bjarta sumarnótt.

Við Botnsvatn

Textahöfundur: Ólafur Halldórsson

Dagsins kyrrri djúpi friður,
dreymin ró og lindaniður,
birta með svo bjartan hljóð,
brjóst þitt geymir hannar óm.

Lyngið græna, lyngið brúna,
lyng, ég finn þig ilma núna;
fegins hugar fagna ég þér,
finn ég að þú beiðst mín hér.

Þreyttur kom ég þig að finna,
þiggja hvíldir anna minna;
liggja hér um litla stund,
lengi búa að okkar fund.

Víður himinn, vatnið bjarta,
vekja söng í mínu hjarta;
langt að kominn loks ég finn;
Land mitt, ég er sonur þinn.

Við Freistingum

Textahöfundur: Matthías Jochumsson

Við freistingum gæt þín
og falli þig ver,
því freisting hver unnin
til sigurs þig ber.
Gakk öruggur rակleitt
mót ástríðuher,
en ætíð haf Jesú
í verki með þér.

Hinn vonda soll varast,
en vanda þitt mál,
og geymdu nafn Guðs þín
í grandvarri sál,
ver dyggur, ver sannur,
því Drottinn þig sér,
haf daglega Jesú
í verki með þér.

Hver sá, er hér sigrar,
skal sigurkrans fá,
í trúnni vér vinnum,
þótt verði margt á,
því sá, er oss hjálpar,
við hrösun oss ver.
Ó, hafðu þinn Jesú
í verki með þér.

Vor

Textahöfundur: Ólafur Haukur Árnason

Þegar vetri löngum lýkur,
lífið verður ævintýr,
sunnanblærinn stráin strýkur,
stelkur heim í túnið snýr,
bjartar nætur norðan fjalla,
nes og vogar gullið skart,
sólin faðmar allt og alla
eftir vetrarmyrkrið svart.

Vor í Meinersen

Textahöfundur: Álfhildur Sigurðaróttir

Í skóginum gott er að ganga
þá glampanði kvöldsólin skín,
og blær strýkur blíðlega um vanga
en birta á himninum dvín.
Hérar og íkornar hoppa
og hendast um skógarins rein.
Kanínur laufblöðin kroppa,
hér kúra tvær dúfur á grein.
Ég hljóður og hugsandi stari
og húmið umlykur trén.
Hér grær allt sem vel er í vari.
Nú vorar í Meinersen.
Hér grær allt sem vel er í vari.
Nú vorar í Meinersen.

Vorboði

Textahöfundur: Davíð Stefánsson

Ég veit, að vorið kemur,
og veturinn líður senn.
Kvæðið er um konu,
en hvorki um guð né menn.

Hún minnti mig á vorið,
á mjúka og græna jörða
og stygga fjallafola
og feita sauðahjörð.

Hún minnti mig á kvæði og kossa
og kvöldin björt og löng
og hvíta, fleyga fugla
og fjaðrabýt og söng.

Og svipur hennar sýndi
hvað sál hennar var góð.
Það hló af ást og æsku,
hið unga villiblóð.

Ég bý að brosum hennar
og blessa hennar spor,
því hún var mild og máttug
og minnti á jarðneskt vor.

Vorgleði

Textahöfundur: Friðrik Dagur Arnarson

Finnurðu ei hvernig vetrarvandi
Víkur með sól
Vonir glæðast í gróandi landi
Er grænkar á hól
Helkuldi vetrar með heljartökin
Er horfin burt
Á bæjartjörnninni víkkar vökin
- að vori er spurt.

Finnurðu ei vorið kankvíst hvísla
“komdu með mér
á lækjarbakka er laufgandi hrísla
sem líkist þér
Sorgir þínar sendu með blænum
Og sortanum burt
Elskaðu lífið í öllum bænum”
- um unað er spurt.

Finnurðu ei hvernig þinn vermir vanga
Hin vonglaða sól
Viltu ekki með mér vina ganga
Um vorgrænan hól
Mar’jerlan lífi ljóðin syngur
svo lifnar í mó
En þróstur sér lék með gull og glingur
og glettist og hló

Finnurðu ei hvernig lifna logar
í lifandi þrá
Mót himni sig breiða vík og vogar
sem vermir þá
Drengir fjórir sem fara um haga
Í fögnuði sann
Sér leika í von um vorlanga daga
Að vaxa í mann

Finnurðu ei hvernig vonir vakna
Um vænkandi hag
Og hvernig fjötrarnir fólsku rakna
Hvern fagnaðardag
Líttu á þessa litlu drengi
Leistu þá fyrr?
Ævintýranna leita þeir lengi’
Að lífsgát’u ég spyr

Finnurðu ei yndi að eiga slíka
Og ala þér hjá
Í erfiðleikum og ánægju líka
Er auðlegð ei smá
Ei finnast þeir sjóðir sem fegur skína
Né fríðari söfn
Byr sem fagnandi fleytu mína
Færir í höfn

Vormorgunn

Textahöfundur: Örn Friðriksson

Morguninn blikar við blánandi fjöll.
Blærinn í hríslunum andar.
Grængresið angar um engjar og völl.
Ómar frá heiðum til strandar.
Öllum verður létt í lundu.
Leikið er á sæ, á grundu.
Vorið hlífir, vorið veitir yndi,
vekur líf hjá dal og tindi.
Veröldin opnast við upploftsins skaut.
Árljóminn speglast í geði.
Lengst inn í austursins bláheiðu braut
bjarmar af vonum og gleði.

Það er svo margt

Textahöfundur: Friðrik Dagur Arnarson

Það er svo ótal margt, sem enginn kann á skil,
að sigra myrkrið svart, þann sefa er finnur til.
Að milda sorgarmál og mýkja hvassan róm,
að kveikja kærleiks bál og kveðja harðan dóm.

Mér hleypur kapp í kinn að kveða dýran óð.
Að finna farveg minn og feta rétta slóð.
Mig langar til að finna frið og færa hann til þín.
Ef lítið liggur við, þá leitar þú til mín.

Þokusól

Textahöfundur: Einar Benediktsson

Bak við þokubakka tjöldin
bíða í vestri rökkurkvöldin.
Nú er sól og sumardagur.

Sortaský af geislum rofin,
bjarmi í tún og engjar ofinn.
Úðabogi dýrðarfagur
tengir saman haf og hauður.
Hvíld og kyrrð um alla jörð.

Þvílíkt yndi að hlýða og heyra
hreinna strauma nið við eyra,
líta á hvernig loftsins hjörð
læðist hægt um rakan svörð,
leitar hreiðra um hóla og börð.

Hátt í suðri er glampi rauður
en í kring sem eldbjört gjörð.
Dögg og ljós, alls lífsins auður,
leiðast, brosa' um strönd og fjörð.
Nú er sjálfur dauðinn dauður.

Margir langir ljósir dagar
líða fyrr en vetur kemur.
Blómið lifir mér þó skemur.
Skyldi ég því ei fagna fremur?

Fyrir handan vetrarkvöldin
sé ég glampa á sólartjöldin
Mikla drottning láðs og lagar,
ljóssins móðir skín mér hátt.
Kom að nýju úr austurátt.
Unn mér! Brjóttu rökkurvöldin.

Þrösturinn

Textahöfundur: Thomas Hardy (þýð: Helgi Hálfðánarson)

Ég hvíldi fram á hliðsins grind og hélu frost var á;
af vetrardrunga dagsins mynd var dapureyg og grá.
Sem hrokkna strengi hríslur bar við himins þoku tjöld
og mannaferð öll flúin var í feginsró það kvöld.
Er landsins stjarfa svip ég sá mér sýndist öld vor dauð
og kólguský varð hvelfing há en harmljóð stormsins gnauð.
Hver æð var fryst sem forðum bar nýtt fjör um hjartans veg;
hver andi dáðlaus drepinn var í dróma líkt og ég.

Þá hóf sig rödd af hárri eik með hrím um nakta grein;
af endalausum innileik svo ör af sæld og hrein.
Þar gamall þröstur soltinn sat með svala um úfið brjóst
og sál hans örugg sigrað gat með söngvum kvöldsins gjóst.
En lítið efni leizt mér þó í ljóð svo björt og hlý,
er allt var hulið húmi og snjó. Í hug ég komst að því
að honum ekkert annað bar þann yl í ljóðin sín
en einhver blessuð von sem var hans vissa en ekki mín.

Örn Friðriksson

Sönglög

Fleiri lög, nótur og upptökur má finna á vefsíðunni

www.ornfridriksson.is

1. Útgáfa 2023